KAR25 - Sauðárveitur





Verksamningurinn felur í sér að ljúka gerð mannvirkja Sauðárveitu, sem er hluti Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Verkið felur í sér að hlaða stíflu og yfirföll og ljúka greftri veituskurða.

Aðkomuleið að framkvæmdasvæðinu er um Fljótsdalsveg þar sem Fljótsdalvegur skiptist í Kárahnjúkaveg og Hraunaveg. Leiðin liggur þaðan um Hraunaveg yfir brú austan við Jökulá í Fljótsdal og að Kelduárstíflu.

Þar endar bundið slitlag og við taka malarvegir. Næst þarf að fara yfir farveg Kelduár, neðan yfirfalls Kelduárstíflu. Leiðin liggur síðan til austurs sunnan við Grjótárhnjúk og síðan á vaði yfir Grjótá.

Þaðan liggur vegslóði að svæði vinnubúðanna sem er staðsett við Innri-Sauðá. Þaðan liggur slóð að Sauðárvatni.

Verkkaupi
Landsvirkjun

Upphaf framkvæmda
Júní 2012

Hönnun
Mannvit, Almenna Verkfræðistofan

Lok framkvæmda
Ágúst 2013

Eftirlit
Hraun JV ehf

Íslenskir aðalverktakar hf.
Höfðabakka 9
IS 110 Reykjavík

Tel. +354 530 4200
Fax. +354 530 4205
iav@iav.is

www.iav.is